

Samantekt á svörum barna / nemenda um hvaða leiðir henti best til að efla félagsfærni, læsi, sköpun og heilbrigði og stuðla að sjálfseflingu

Byggt er á niðurstöðum funda með leikskólabörnum og grunnskólanemendum. Allir grunnskólastjórar voru beðnir um að senda tvö börn til að taka þátt í vinnunni. Búið var að ákveða fyrirfram á hvaða aldri börnin ættu að vera til að ná fram góðri aldursbreidd. Sjónarmið leikskólabarnanna voru fengin með því að halda fundi í tíu leikskólum, tveimur úr hverjum borgarhluta. Fimm til átta börn úr eldra árgangi leikskólanna tóku þátt.

Leitast er við að halda þeim atriðum sem fram komu með orðalagi barnanna sjálfra.

Félagsfærni

- Hafa fleiri íþróttaviðburði; Fótbolta, handbolta og körfubolta. Ath. skóli á móti öðrum skóla.
- Hópavinna í leikjum.
- Hafa oftari opið í frístundaheimilum.
- Krakkar þurfa að tala meira saman.
- Meiri sjálfböðavinna í frístundaheimilum.
- Hópavinna – vinna í tímum með öðrum nemendum (helst ekki bestu vinum þeirra) einhver verkefni, t.d. stærðfræðidæmi, þemaverkefni eða myndmenntarverkefni, krakkar hafa samskipti og vinna saman.
- Verkefni með öllum bekknum / skólanum. – Allur bekkurinn / skólinn tekur þátt í stóru verkefni, t.d. að teikna skólann, setja upp leikrit eða gera stuttmynd.
- Skipta reglulega um sæti í tímum – nemendur tala við sessunautinn í tíma, gott væri að skipta regluleg aum sæti í tímum. Krakkar tala þá ekki alltaf við sama einstaklinginn.
- Bjóða öllum að vera með – það er ósanngjarnt að skilja útundan, allir eiga að mega vera með :-)
- Vera með vinnufélaga. – Það er sniðugt að vinna með öðrum einstaklingi til að læra samvinnu og bæta samskipti.
- Fá að leika og spila saman.

Sjálfsefling

- Kennarar leyfi krökkunum að kynna atriði eins og þau vilja, ekki alltaf word eða powerpoint og leyfa þeim að gera verkefni um það sem þeim finnst merkilegt.
- Krakkar þurfa að fá meiri tíma til að rökræða og sýna skoðanir sínar um hlutina.
- Meira lýðræði - krakkar hafi meiri áhrif á námið – fá að velja verkefni sjálf.
- Vera jákvæður og hrósa ef eitthvað gengur vel t.d. hrós dagsins.
- Sjálfstraust aukið í lífsleikni – meiri lífsleikni
- Vinna meira sjálfstætt.
- Að námsefnið sé sniðið betur að getu nemenda.
- Fara í vettvangsferðir. Fleiri ferðir, þá kynnist maður fleirum.
- Val fyrir miðstig og yngsta stig, með hjálp foreldra.
- Fleiri bekkjarkvöld og hópefli í öllum skólanum.

IS – janúar 2018

- Nemendur fái að koma sínum skoðunum á framfæri

Læsi

- Búa til umbunarkerfi fyrir lestur.
- Fara oftast með börnin á borgarbókasöfnin.
- Hafa fleiri lestrartíma og hafa umræður og bókahópa.
- Hafa meira af lestrarkeppnum, lestrarleikjum o.fl. sem tengist lestri en börn hafa gaman af.
- Kenna börnum stafrófið og grunn í lestri í leikskóla.
- Byrja að lesa í leikskóla. Þá eru krakkarnir betur undirbúnir.
- Lesa meira upphátt.
- Fá að ráða meira sjálfur hvaða bækur er lesið.
- Hafa meiri leik í kringum lesturinn, t.d. bókabingó.
- Hvetja krakka meira til að lesa.
- Hafa möguleika á að læra fleiri tungumál.
- Hafa stafi og orð all í kringum okkur.
- Við getum lesið með augunum og augun tala við okkur.
- Læra orð með því að leika þau.

Sköpun

- Gera og læra meira í tímum.
- Hafa fleiri gátur og verkefni sem krakkar geta leyst.
- Hafa fjölbreyttari náttúrufræðitíma með því að fara út og gera tilraunir.
- Fjölbreyttara val í list- og verkgreinum.
- Hafa alla aldurshópa saman í frístund.
- Meiri hópavinnu.
- Fjölbreyttari verkefni.
- Fleiri leiðir til að tjá sig en skrift.
- Fá að búa til leiki.
- Kennarar hlusti á hugmyndir okkar.

Heilbrigði

- Hafa hollan mat og leyfa krökkunum að tjá sig um matseðilinn.
- Leyfa krökkum að eiga samskipti í tímum, kynna góðan lífstíl betur og hafa fjölbreytt og skemmtilegt nám.
- Vera í hóp með krökkum sem manni líður vel með.
- Sveigjanlegri kennsla og meiri íþróttir.
- Passa álag á nemendum, setja ekki of mikið af verkefnum og prófum í einu.
- Skóli byrji seinna á morgnana; meiri svefn = meiri einbeiting.
- Fá að hlaupa og klifra

Líka þetta

- Legó gerir mann glaðan!
- Kennarar eiga alltaf að vera góðir.